



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um ráðningar vegna veikindaforfalla

Á 226. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. mars 2022, lagði borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hafa skólar borgarinnar leyfi til að ráða inn stöðugildi t.d. í stuðning þegar að starfsfólk sem var ráðið inn til að sinna þeim störfum hefur verið fjarverandi til lengdar vegna leyfa og veikinda? Fer það eftir fjárveitingum til leik- og grunnskóla hverju sinni?

Svar:

Allir skólar verða að starfa innan fjárhagsáætlunar borgarinnar. Afleysingar vegna fjarvista eru á forræði viðkomandi starfsstöðvar. Starfsstöðvar þurfa að gera ráð fyrir ákveðinni afleysingarþörf þegar starfsemin er skipulögð enda þekkt að alltaf eru einhver forföll í hópi starfsmanna.